

Nd.

269. Frumvarp til laga

um ríkisábyrgð vegna bátaútvegsins o. fl.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Ríkisstjórnin ábyrgist fyrir hönd ríkissjóðs þær ráðstafanir, sem taldar eru í 2.—4. gr., í þeim tilgangi að tryggja bátaútveginum á árinu 1947 65 aura verð fyrir hvert kg af nýjum fiski, miðað við þorsk og ýsu, slægðan með haus.

2. gr.

Ríkissjóður ábyrgist hraðfrystihúsum það, sem á kann að vanta, að söluverð á þorsk- og ýsuflökum nái kr. 1.33 fyrir lbs. fob., þó þannig, að ábyrgðin fari ekki fram úr 35 aurum á lbs. Skal verð annarra fisktegunda vera tilsvareandi.

3. gr.

Ríkissjóður ábyrgist saltfiskútflutjendum það, sem á kann að vanta, að söluverð verði kr. 2.25 fyrir kg fob., miðað við fullsaltaðan stórfisk (þorsk) 1. flokks, og skal verð annarra flokka og fisktegunda vera tilsvareandi. Sambærilegt verð skal ábyrgt fyrir hertan fisk útfluttan.

4. gr.

Til þess að tryggja 65 aura verð á nýjum fiski og sölu aflans er ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast útflutningsverð á fiski, sem verkaður er á annan hátt en talið er í 2. og 3. gr.

5. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að skipa fyrir um verkun á fiski eftir því sem markaðshorfur segja til.

6. gr.

Til þess að standast þau útgjöld, sem kann að leiða af ábyrgðum samkv. 2.—4. gr., skal ríkisstjórnin halda eftir og leggja í sérstakan tryggingarsjóð þann hluta af söluverði sildarafurða 1947, sem er umfram hrásildarverð eins og það var 1946, að viðbættri hækkun, er svarar til fiskverðshækkunar samkv. 1. gr. og vinnslukostnaði.

Nú verður afgangur af fé tryggingarsjóðs, og skal hann þá greiddast útvegs- mönnum og sjómönnum að tiltölu við sildarafla hvers skips.

Ríkisstjórninni er heimilt að stofna sjálfstæð tryggingarsvæði, að fengnum tillögum Landssambands íslenskra útvegsmanna, enda verður þá sérstakur tryggingarsjóður fyrir hvert svæði. Tryggingargjöld fyrir útfluttar eða seldar sildarafurðir skulu greidd til tryggingarsjóða eftir hlutfalli aflans á tryggingarsvæðinu móts við aflann á öllu landinu.

Ríkisstjórnin setur með reglugerð nánari ákvæði um tryggingarsvæði og sjóði.

7. gr.

Auglýsa skal fyrir 1. jan. 1947 lágmarksverð á nýjum fiski, sem miðast við 65 aura verð, sbr. 1. gr., og skal verð annarra fisktegunda vera tilsvareandi. Leita skal tillagna Landssambands íslenskra útvegsmanna um verðlagninguna.

8. gr.

Ríkisstjórnin getur með reglugerð sett nánari fyrirmæli um allt, er lýtur að framkvæmd laga þessara, þar á meðal um sönnunargögn fyrir því, að hlutarsjó- mönnum og útgerðarmönnum, er selja fisk sinn öðrum, hafi verið greitt það lág- marksverð, sem ákveðið er samkv. 7. gr., enda er greiðsla þess fiskverðs skilyrði fyrir öllum ráðstöfunum ríkisstjórnarinnar og ábyrgðum samkv. lögum þessum.

9. gr.

Ríkisstjórnin skipar 4 manna nefnd eftir tilnefningu þingflokka til þess að gera tillögur um, á hvern hátt verði komið í veg fyrir, að dýrtiðin í landinu vaxi, og skal nefndin skila álitinu sínu fyrir 1. febr. 1947.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.